

AUGLÝSING

um staðfestingu á (1.) breytingu verklagsreglna Bændasamtaka Íslands um úthlutun bústofnskaupastyrkja til frumbýlinga nr. 108/2008.

Með vísan til gr. 6.3. í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 25. janúar 2007 og 37. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með áorðnum breytingum, hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra staðfest breytingu á verklagsreglum Bændasamtaka Íslands um úthlutun bústofnskaupastyrkja til frumbýlinga, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 108 4. febrúar 2008, sem settar voru með heimild í gr. 4.5. í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 25. janúar 2007, til að taka gildi 1. janúar 2008. Breytingin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 15. maí 2008.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Arnór Snæbjörnsson.

Fylgiskjal.

Breyting á verklagsreglum um úthlutun bústofnskaupastyrkja til frumbýlinga nr. 108/2008.

1. gr.

Fremst í 4. gr. reglnanna kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Bændasamtök Íslands annast afgreiðslu umsókna.

2. gr.

Við reglurnar bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, sem orðast svo: Bændasamtökum Íslands er heimilt að auglýsa eftir umsóknum, og ráðstafa framlögum, vegna kaupa á bústofni á tímabilinu frá 1. janúar til 31. desember 2007. Umsóknum um framlög skal skila til Bændasamtaka Íslands eigi síðar en 15. júní 2008.

B-deild – Útgáfud.: 29. maí 2008